8. gr.

Kjörnir endurskoðendur Geðlæknafélags Íslands skulu endurskoða reikninga sjóðsins en einnig skal skila reikningsyfirliti árlega til samþykkis á aðalfundi Geðlæknafélags Íslands.

9. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari og eins ákvörðun um að hætta starfsemi og leggja sjóðinn niður. Slíkar ákvarðanir skulu bornar undir aðalfund Geðlæknafélags Íslands og þarf þá aukinn meirihluta fundarmanna eða 2/3 greiddra atkvæða. Verði sjóðurinn lagður niður og starfsemi hætt skulu eignir hans ganga til annarrar starfsemi sem fellur undir 2. mgr. 4. gr. erfðafjárlaga nr. 83/1984.

Reykjavík, 5. október 1999.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 1999.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 716 18. október 1999

# GJALDSKRÁ

## fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

1. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 4.200 |
| Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 3.500 |

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi eins og fram kemur í viðauka með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni samkvæmt eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi af starfsleyfisskyldri starfsemi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á | |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. október og eindagi 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, ásamt áföllnum innheimtukostnaði.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá af þeirri starfsemi sem ber hærra eftirlitsgjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og sett af sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999, og að fenginni umsögn hollustuháttaráðs og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 695/1995 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, með síðari breytingum.

*18. október 1999.*

F. h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

**Þorsteinn Narfason** framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

| Heiti atvinnugreinar | Alls álögð gjöld kr. |
|---|---|
| Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla | 11.000 |
| Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 23.000 |
| Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 47.000 |
| Alifuglarækt < 40.000 stæði | 23.000 |
| Alifuglarækt > 40.000 stæði | 47.000 |
| Loðdýrabú | 23.000 |
| Kanínurækt | 23.000 |
| Hundahótel | 5.000 |
| Kattahótel | 5.000 |
| Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 20.000 |
| Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 10.000 |
| Seiðaeldi annað en ofangreint og ekki í tengslum við fiskeldi | 4.000 |
| Land- og kvíaeldi | 5.000 |
| Malar- og sandnám; vikurnám | 4.000 |
| Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 8.000 |
| Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar | 4.000 |
| Saltvinnsla | 17.000 |
| Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 17.000 |
| Sláturhús < 50 t/dag | 26.000 |
| Sláturhús > 50 t/dag | 53.000 |
| Alifuglasláturhús | 26.000 |
| Dreifingarstöð fyrir alifugla | 27.000 |
| Kjötvinnsla, lítil | 39.000 |
| Kjötvinnsla, miðlungs | 62.000 |
| Kjötvinnsla, stór | 107.000 |
| Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 55.000 |
| Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 79.000 |
| Kjötvinnsla með reykingu, stór | 132.000 |
| Kjötpökkunarstöð | 62.000 |
| Saltfiskverkun | 6.000 |
| Heitloftsþurrkun fiskafurða | 18.000 |
| Harðfiskverkun | 15.000 |
| Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 16.000 |
| Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 16.000 |
| Vinnsla á ferskum fiski, stór | 33.000 |
| Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 34.000 |
| Fiskmjölsvinnsla | 42.000 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil | 21.000 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs | 31.000 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór | 67.000 |
| Önnur ótalin fiskvinnsla | 12.000 |
| Kartöfluvinnsla - pökkun | 12.000 |
| Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag | 21.000 |
| Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag | 39.000 |
| Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 21.000 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 27.000 |
| Salatgerð | 27.000 |
| Lauksteikingarverksmiðjur | 18.000 |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 18.000 |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag | 36.000 |

| Heiti atvinnugreinar | Alls álögð gjöld kr. |
|---|---|
| Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 18.000 |
| Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 22.000 |
| Mörbræðsla og tólgarframleiðsla | 18.000 |
| Kaldhreinsun lýsis | 18.000 |
| Smjörlíkisgerð | 21.000 |
| Mjólkurbú og ostagerð | 128.000 |
| Mjólkurbú | 82.000 |
| Ostagerð | 68.000 |
| Ísgerð | 75.000 |
| Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 31.000 |
| Framleiðsla húsdýrafóðurs | 12.000 |
| Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 12.000 |
| Brauðverksmiðjur | 79.000 |
| Bakarí, lítið | 20.000 |
| Bakarí, miðlungs | 26.000 |
| Bakarí, stórt | 60.000 |
| Kexverksmiðjur | 56.000 |
| Kökugerð, lítil | 13.000 |
| Kökugerð, miðlungs | 20.000 |
| Kökugerð, stór | 22.000 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 32.000 |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 9.000 |
| Te- og kaffiframleiðsla | 11.000 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 14.000 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs | 23.000 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 30.000 |
| Framleiðsla mjólkurdufts | 32.000 |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 28.000 |
| Bjórgerð | 28.000 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil | 24.000 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs | 32.000 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór | 79.000 |
| Ullarþvottastöðvar | 53.000 |
| Vefnaðar- og spunaverksmiðjur | 20.000 |
| Litun og bleiking < 10 tonn á dag | 54.000 |
| Leðurvinnsla og sútun | 54.000 |
| Fúavörn á viði | 8.000 |
| Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h. | 7.000 |
| Trésmíðaverkstæði með lökkun | 8.000 |
| Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 7.000 |
| Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 15.000 |
| Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa | 3.000 |
| Prentun dagblaða | 33.000 |
| Offset- og hæðarprentun | 17.000 |
| Sáldprentun | 17.000 |
| Prentiðnaður, lítill | 7.000 |
| Prentiðnaður, miðlungs | 10.000 |
| Prentiðnaður, stór | 29.000 |
| Prentiðnaður með framköllun | 10.000 |

| Heiti atvinnugreinar | Alls álögð gjöld kr. |
|---|---|
| Prentsmíð | 8.000 |
| Framleiðsla á iðnaðargasi | 25.000 |
| Garðaúðun | 14.000 |
| Málningarverksmiðjur | 45.000 |
| Lyfjagerð | 16.000 |
| Hreinlætisvöruverksmiðjur | 45.000 |
| Snyrtivöruframleiðsla | 45.000 |
| Gúmmívinnsla | 20.000 |
| Plastiðnaður | 22.000 |
| Vinnsla með plast- og frauðefni | 12.000 |
| Framleiðsla á umbúðaplasti | 13.000 |
| Framleiðsla á glerplötum | 3.000 |
| Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 6.000 |
| Framleiðsla gleríláta | 3.000 |
| Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 3.000 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 4.000 |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 4.000 |
| Steinsmíði | 3.000 |
| Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 16.000 |
| Málmsteypa < 20 tonn á dag | 12.000 |
| Meðferð og húðun málma | 8.000 |
| Blikksmíði | 5.000 |
| Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur. | 12.000 |
| Skrúfuframleiðsla | 12.000 |
| Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 12.000 |
| Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði | 6.000 |
| Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði | 4.000 |
| Rafvélaverkstæði | 6.000 |
| Stálsmíði og stálskipagerð | 23.000 |
| Viðhald og niðurrif skipa | 16.000 |
| Húsgagnaiðnaður með lökkun | 7.000 |
| Endurvinnsla úrgangs | 11.000 |
| Spennistöðvar | 5.000 |
| Spennaviðgerðir | 17.000 |
| Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa | 85.000 |
| Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa | 64.000 |
| Vatnsveitur < 1.000 íbúa | 15.000 |
| Vatnsveitur, einka | 6.000 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið | 6.000 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 7.000 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 8.000 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið | 9.000 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 10.000 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt | 11.000 |
| Bifreiðasprautun | 11.000 |
| Bifreiðaréttingar | 6.000 |
| Bón og bílaþvottur, sjálfvirkur | 11.000 |
| Bón og bílaþvottur, handvirkur | 5.000 |

| Heiti atvinnugreinar | Alls álögð gjöld kr. |
|---|---|
| Ryðvarnarverkstæði | 16.000 |
| Smurstöðvar | 19.000 |
| Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru | 9.000 |
| Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru | 16.000 |
| Bílapartasölur | 11.000 |
| Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 18.000 |
| Bensínstöðvar án matvæla | 28.000 |
| Bensínstöðvar með matvöru | 42.000 |
| Bensínstöðvar með veitingasölu | 63.000 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil | 16.000 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs | 20.000 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór | 30.000 |
| Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti | 22.000 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 7.000 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs | 20.000 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór | 28.000 |
| Heildverslun með hreingerningarefni | 20.000 |
| Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru | 20.000 |
| Heildverslun með snyrtivöru | 20.000 |
| Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni | 20.000 |
| Móttaka brotamálms | 80.000 |
| Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 7.000 |
| Stórmarkaðir >400 $m^2$, með matvælavinnslu | 70.000 |
| Stórmarkaðir >400 $m^2$, án matvælavinnslu | 43.000 |
| Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 25.000 |
| Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 41.000 |
| Matvöruverslun með vinnslu, stór | 53.000 |
| Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 16.000 |
| Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 16.000 |
| Matvöruverslun án vinnslu, stór | 39.000 |
| Söluturnar án óvarinna matvæla | 8.000 |
| Söluturnar með óvarin matvæla, litlir | 12.000 |
| Söluturnar með óvarin matvæla, miðlungs | 17.000 |
| Söluturnar með óvarin matvæla, stórir | 21.000 |
| Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 16.000 |
| Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs | 16.000 |
| Fiskbúðir með vinnslu, stórar | 16.000 |
| Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 13.000 |
| Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs | 15.000 |
| Fiskbúðir án vinnslu, stórar | 18.000 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu | 13.000 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu | 23.000 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu | 26.000 |
| Áfengisverslun | 6.000 |
| Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum | 23.000 |
| Apótek | 14.000 |
| Snyrtivöruverslun | 14.000 |
| Byggingavöruverslanir, stórar | 48.000 |
| Byggingavöruverslanir, litlar | 14.000 |
| Járnvöruverslanir | 14.000 |
| Málningavöruverslanir | 14.000 |
| Gæludýraverslun | 3.000 |
| Véla- og tækjasölur | 16.000 |
| Varahlutaverslanir, ekki bíla | 16.000 |
| Smásala efna í flokkum X, A og B | 16.000 |
| Sala eiturefna | 40.000 |
| Smásala með notaða muni í verslunum | 16.000 |
| Markaðir, stórir | 91.000 |
| Markaðir, miðlungs | 40.000 |
| Markaðir, litlir | 14.000 |
| Hótel með veitingasölu, lítið | 18.000 |
| Hótel með veitingasölu, miðlungs | 36.000 |
| Hótel með veitingasölu, stórt | 49.000 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting) | 6.000 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs | 7.000 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt | 9.000 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun | 3.000 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun | 3.000 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt | 16.000 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs | 7.000 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið | 3.000 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 8.000 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 3.000 |
| Matsölustaðir, litlir | 20.000 |
| Matsölustaðir, miðlungs | 28.000 |
| Matsölustaðir, stórir | 36.000 |
| Skyndibitastaðir, litlir | 18.000 |
| Skyndibitastaðir, miðlungs | 26.000 |
| Skyndibitastaðir, stórir | 32.000 |
| Matsöluvagnar | 15.000 |
| Brauðstofur | 22.000 |
| Skemmtistaðir með matsölu | 18.000 |
| Skemmtistaðir án matsölu | 6.000 |
| Kaffihús, smurt brauð | 12.000 |
| Krár, kaffihús með matsölu | 22.000 |
| Krár, kaffihús án matsölu | 14.000 |
| Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 3.000 |
| Samkomusalir með móttökueldhúsi | 9.000 |
| Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 27.000 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 20.000 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 24.000 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 34.000 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 14.000 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs | 19.000 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt | 23.000 |
| Sala á tilbúnum mat, lítil | 16.000 |

| Heiti atvinnugreinar | Alls álögð gjöld kr. |
|---|---|
| Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 23.000 |
| Sala á tilbúnum mat, stór | 48.000 |
| Bið- og endastöðvar strætisvagna | 2.000 |
| Biðstöðvar leigubifreiða | 2.000 |
| Vörugeymslur, litlar | 14.000 |
| Vörugeymslur, miðlungs | 20.000 |
| Vörugeymslur, stórar | 24.000 |
| Fyrirtæki sem geyma klórgas | 9.000 |
| Kæli- og frystigeymslur | 9.000 |
| Gasbirgðastöðvar með > 100 m$^3$ geymslurými (STP) | 20.000 |
| Gasbirgðastöðvar með < 100 m$^3$ geymslurými (STP) | 16.000 |
| Vöruflutningamiðstöðvar | 24.000 |
| Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 36.000 |
| Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 7.000 |
| Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 6.000 |
| Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 8.000 |
| Ljósmyndastofur með framköllun | 7.000 |
| Fangelsi, lítið | 16.000 |
| Fangelsi, miðlungs | 20.000 |
| Fangelsi, stórt | 24.000 |
| Æfingasvæði slökkviliðs | 3.000 |
| Grunnskólar án mötuneytis | 11.000 |
| Grunnskólar með móttökueldhúsi | 28.000 |
| Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 37.000 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis | 11.000 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi | 28.000 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi | 37.000 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis | 11.000 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi | 28.000 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 37.000 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - verknám í matvælavinnslu | 47.000 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis | 11.000 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi | 28.000 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 37.000 |
| Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 3.000 |
| Tónlistarskólar | 7.000 |
| Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 3.000 |
| Deildskipt sjúkrahús, lítið, án mötuneytis | 11.000 |
| Deildskipt sjúkrahús, miðlungs, með móttökueldhúsi | 28.000 |
| Deildskipt sjúkrahús, stórt, með fullbúnu eldhúsi | 37.000 |
| Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu | 11.000 |
| Endurhæfing | 7.000 |
| Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt | 48.000 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil, án mötuneytis | 8.000 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs, með móttökueldhúsi | 23.000 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi | 31.000 |
| Vistheimili | 7.000 |
| Áfengismeðferð | 8.000 |
| Heilsugæslustöðvar | 7.000 |
| Læknastofur | 4.000 |
| Læknahús með aðgerðarstofum | 8.000 |
| Tannlæknastofur | 9.000 |
| Tannsmíðar | 5.000 |
| Sjúkraþjálfun | 6.000 |
| Rannsóknarstofur í læknisfræði | 3.000 |
| Röntgenstofur | 6.000 |
| Fótaaðgerðarstofur | 7.000 |
| Kírópraktor | 3.000 |
| Yoga-stofur, heilun o.fl. | 3.000 |
| Húðflúrstofur | 15.000 |
| Húðgötun | 15.000 |
| Dýralæknastofur án röntgen | 3.000 |
| Dýralæknastofur með röntgen | 6.000 |
| Dýraspítalar | 9.000 |
| Heimili fyrir börn og unglinga | 3.000 |
| Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús | 20.000 |
| Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús | 6.000 |
| Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús | 13.000 |
| Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhúsi | 6.000 |
| Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið | 13.000 |
| Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs | 13.000 |
| Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs | 13.000 |
| Dagmömmur með > 6 börn | 3.000 |
| Leikskólar með móttökueldhúsi | 20.000 |
| Leikskólar með fullbúnu eldhúsi | 25.000 |
| Gæsluvellir | 7.000 |
| Skóladagheimili, fullbúið eldhús | 13.000 |
| Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 8.000 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 19.000 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 27.000 |
| Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe | 12.000 |
| Aðrar skólphreinsistöðvar | 7.000 |
| Gámastöð | 8.000 |
| Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 3.000 |

| Heiti atvinnugreinar | Alls álögð gjöld kr. |
|---|---|
| Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru. | 3.000 |
| Sorpflutningar og sorphirða | 19.000 |
| Sorpeyðingarstöð, sorphaugar | 113.000 |
| Áhaldahús sveitarfélags | 6.000 |
| Kirkjur | 3.000 |
| Kvikmyndahús | 9.000 |
| Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 3.000 |
| Leikhús með móttökueldhúsi | 9.000 |
| Leikhús með fullbúnu eldhúsi | 23.000 |
| Dansskólar | 3.000 |
| Sundstaðir, litlir | 33.000 |
| Sundstaðir, miðlungs | 57.000 |
| Sundstaðir, stórir | 86.000 |
| Íþróttahús, lítil | 7.000 |
| Íþróttahús, miðlungs | 9.000 |
| Íþróttahús, stór | 23.000 |
| Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð | 74.000 |
| Íþróttavellir | 3.000 |
| Skíðaskálar, skíðasvæði | 4.000 |
| Hestahald | 3.000 |
| Skotvellir | 3.000 |

| Heiti atvinnugreinar | Alls álögð gjöld kr. |
|---|---|
| Þvottahús og efnalaugar | 7.000 |
| Þvottahús | 3.000 |
| Efnalaugar | 7.000 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 7.000 |
| Hárgreiðslustofur | 6.000 |
| Snyrtistofur | 6.000 |
| Baðhús | 6.000 |
| Líkbrennslur | 3.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar | 6.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 15.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar | 16.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum | 16.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum | 26.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum | 19.000 |
| Sólbaðstofur án heitra potta | 13.000 |
| Sólbaðstofur með heitum pottum | 17.000 |
| Nuddstofur | 6.000 |

Nr. 717 19. október 1999

# AUGLÝSING

## um staðfestingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018.

Með vísan til 19. gr. og 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 19. október 1999 staðfest aðalskipulag Gerðahrepps 1998-2018.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Gerðahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Gerðahrepps 1988-2008 sem staðfest var 23. janúar 1990.

*Umhverfisráðuneytinu, 19. október 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*